

Sp. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um eftirgjöf lána vegna óþurrkanna sumarið 1955.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að breyta í óafturkræft framlag láni að upphæð kr. 12 509 600.00, sem veitt var til bænda vegna óþurrkanna á Suðvesturlandi sumarið 1955.

Greinargerð.

Óþurrkarnir, sem gengu yfir Suðvesturland sumarið 1955, hafa markað dýpri spor en almennt var gert ráð fyrir. Afurðatjón var mjög mikið af þessum ástæðum, og fjöldi bænda varð að minnka bústofninn vegna lélegra heyja. Reynt var að bæta hin slæmu hey með fódurbæti. Voru fódurbætiskaupin þess vegna miklu meiri en nokkru sinni áður. Vegna afurðatjóns og óvenjulegra fódurbætiskaupa hefur fjöldi bænda safnað skuldum, sem erfitt mun reynast að losna úr. Þegar á þetta er litið með kunnugleika á högum þeirra, sem þetta mál snertir, verður ekki efazt um, að sanngjarnt er að breyta lánsupphæðinni, sem getið er um í meðfylgjandi tillögu, í óafturkræft framlag. Framlag ríkissjóðs var kr. 9 512 000.00 og framlag bjargráðasjóðs kr. 2 997 600.00. Bjargráðasjóður verður að fá sitt framlag endurgreitt, og verður ríkissjóður því að taka að sér greiðslu þeirrar upphæðar.

Sem betur fer, er það sjaldgæft, að tíðarfarið hafi eins gagnger áhrif á efnahag og afkomu fjölmennra byggðarlaga og óþurrkarnir sumarið 1955. Gamlir menn fullyrða, að slíkt sumar hafi ekki komið í hálföld.

Nú þegar afleiðingar af þessu einstæða sumri eru fram komnar og vitað er, hverju bændur hafa orðið að kosta til við að bjarga bústofninum, þykir rétt að draga strík yfir það, sem lánað var frá því opinbera, og breyta því í óafturkræft framlag.